# LEYFI

*Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.*

| | |
|---|---|
| Leyfishafi: | Arctic Smolt hf. |
| Kennitala: | 600212-2570 |
| Aðsetur: | Norður-Botn<br>460 Tálknafjörður |
| Rekstrarleyfisnúmer: | FE-1137 |
| Leyfið gildir til: | 20.2.2029 |

| Starfsemi: | Í gildi frá: |
|---|---|
| SS 1 - Lax / Salmo Salar | 20.2.2019 |
| SS 3 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss | 20.2.2019 |

Landeldi. Framleiðslumagn 1.000 t. Hámarkslífmassi 1.000 t. Seiðaeldi. Lax: SAGA stofn. Regnbogi: Danmörk.

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.*

*Rekstrarleyfishafi ber skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Rekstrarleyfishafa er skylt að notast við utanáliggjandi merkingar á eldislaxi í sjókvíaeldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fiskeldi.*

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Rekstrarleyfið er háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laga 71/2008 um fiskeldi.*

Erna Karen Óskarsdóttir

MAST Matvælastofnun

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis

MAST Matvælastofnun Icelandic Food and Veterinary Authority

Prentað: 20.2.2019

#0003625